

**Þjónustusamningur vegna barna með lögheimili í
Eyja-og Miklaholtshrepp sem stunda nám við Grunnskólann í Stykkishólmi.**

1. gr. Samningsaðilar

Sveitarfélagið Stykkishólmur, kt. 6210269-7009 (hér eftir „Stykkishólmur“) og Eyja- og Miklaholtshreppur, kt. 690894-2469, gera með sér eftirfarandi samning um þjónustu við nemendur úr Eyja- og Miklaholtshreppi sem stunda nám við Grunnskólann í Stykkishólmi. Samningur þessi er gerður á grundvelli þjónustusamnings vegna þjónustu Sveitarfélagsins Stykkishólms gagnvart íbúum Eyja- og Miklaholtshrepps, sem undirritaður er samhliða þessum samningi. Sá samningur skoðast sem yfirsamningur samnings þessa, ef ekki er tekið á tilteknum þætti í þessum samningi vísast til yfirsamnings.

2. gr. Tilgangur og lögbundin verkefni

Stykkishólmur tekur að sér samkvæmt samningi þessum að annast menntun grunnskólanemenda sem eiga lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi, samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum, aðalnámskrá grunnskóla og skólustefnu Stykkishólms.

Ekki er unnt að skuldbinda samningsaðila umfram það sem tiltekið er í samningi þessum. Komi til ítarlegri lýsing á hlutverki samningsins eða verkefnum bætt við samninginn verður það aðeins gert með samþykki beggja samningsaðila.

3. gr. Stjórnskipulag

Stykkishólmur fer með framkvæmd verkefnisins. Íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps skulu eiga sama rétt til þjónustu við Grunnskólann í Stykkishólmi og íbúar Stykkishólms. Reglur Stykkishólms og eftir atvikum ákvörðun skóla- og fræðslunefndar, sem hlotið hefur staðfestingu bæjarráðs eða bæjarstjórnar, gilda um afgreiðslu erinda frá íbúum Eyja- og Miklaholtshrepps.

4. gr. Gagngjald Eyja- og Miklaholtshrepps

Reiknaður skal kostnaður við rekstur Grunnskólans í Stykkishólmi. Kostnaðurinn telst vera allur rekstrarkostnaður grunnskólans að frádregnum sértekjum, s.s. samkvæmt gjaldskrá Grunnskólans í Stykkishólmi. Kostnaði við rekstur skal skipt á milli sveitarfélaganna á almanaksárinu, eftir nemendafjölda á hvoru skólaári fyrir sig, þ.e. janúar til júlí annars vegar og ágúst til desember hins vegar. Ofangreindur kostnaður skal innheimtur mánaðarlega sem miðar við gildandi fjárhagsáætlun með viðaukum, sé um það að ræða, fyrir grunnskólann. Í febrúar á ári hverju er gert uppgjör á raunkostnaði grunnskólans og innheimt með reikningi sem sendur er út að jafnaði 1. mars.

Eyja- og Miklaholtshreppur kostar stuðningsfulltrúa til tímabundinnar aðlögunar nemenda úr Eyja- og Miklaholtshreppi við Grunnskólann í Stykkishólmi. Starfshlutfall og starfslýsing er ákvörðuð í samráði skólustjórnenda Grunnskólans í Stykkishólmi og stjórnenda/oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps. Um hann verður samið sérstaklega og fyrirkomulagið verður endurskoðað fyrir 1. apríl ár hvert. Þessi starfsmaður lýtur boðvaldi skólustjóra Grunnskólans í Stykkishólmi.

SO
M

5. gr. Sérþarfir nemenda

Almenn sérkennsla (0.25) er innifalin í framangreindu gagnagjaldi. Almenn sérfræðipjónusta barna í Eyja- og Miklaholtshreppi, umfram það sem Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga veitir greiðist af Eyja- og Miklaholtshreppi. Einnig öll frekari þjónusta vegna fötlunar nemenda eða alvarlegri þroskaskerðingar sem ekki fellur undir kostnað sem Eyja- og Miklaholtshreppi ber að greiða vegna samnings um félagsþjónustu Félags og skólaþjónustu Snæfellinga sem og kostnaður vegna sérkennslu og stuðnings við nemendur sem hafa sérþarfir umfram aðra nemendur varðandi sérkennslu og þjónustu í grunnskólanum og gjaldfærast ekki á grunnskólann. Sé þörf á aukamönnun vegna nemenda þarf að semja um kostnað vegna þess sérstaklega milli sveitarfélaganna. Sé þörf á sambærilegri aukamönnun vegna barns sem ekki á lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi er sá kostnaður dreginn frá rekstrarkostnaði skv. 4. gr. samningsins.

6.gr. Griðastaður nemenda

Nemendum úr Eyja- og Miklaholtshreppi verður tryggt aðgengi að rými frá loknu skólalaldi hvers nemenda fram að heimkeyrslu og/eða þar til skólanum er lokað. Jafnframt verði nemendum tryggt rými eftir að skóla er lokað fram að tómstund. Sé þörf á sérstökum starfsmanni greiðist sá kostnaður af Eyja- og Miklaholtshreppi.

Stykkishólmur 10.maí 2023,

f.h. Eyja- og Miklaholtshrepps

Sigrúnbjörg Ottarsdóttir
Oddviti
Eyja- og Miklaholtshrepps

f.h. Sveitarfélagsins Stykkishólms

Jakob Björninn Sigríðarson
Björninn Sigríðarson
Stykkishólmur



Vottar að réttir dagsetningu og undirskrift

Jón Ólafur Jónsson 080258-3139

Eva Sindri Emilsson 120289-2769